

Alþingi  
Erindi nr. P 133/808  
komudagur 6.2.2007

**SUNN** Samtök um  
náttúruvernd  
á Norðurlandi

Umsögn um frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð (þingmál nr 395) og þingsályktunar-  
tillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (þingmál nr 65)

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, fagna heils hugar báðum þessum málum. Með frumvarpi um Vatnajökulspjóðgarð er markað vinnulag sem ætla má að geti dugað við stofnun þjóðgarðs og við stækkun hans, en það er lykilatriði að unnt sé að móta þá stefnu að þjóðgarðurinn geti stækkað sem fyrst þegar hann hefur sannað sig fyrir almenningi og nágrönnum þjóðgarðsins, eins og það er sett fram í skýrslu ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins á sl. ári. Það er nefnilega svo að víða á landsbyggðinni ríkir veruleg tortryggni í garð náttúruverndar. SUNN telja að myndarleg uppbygging, sem jafnframt skapar störf við náttúruvernd og landvörslu, geti breytt þessum sjónarmiðum verulega, enda þótt í sumum efnum sé ljóst að ýmsir hagsmunir heimafólks og náttúruvernd fara ekki alltaf saman.

*Ástæða þess að við viljum friðlýsa Jökulsá og gera svæðið frá strönd til strandar, þ.e. frá Öxarfirði og e.t.v. Skjálfaflóa suður á Skeiðarársand og austur í Lón og víða á milli Skeiðarársands og Lóns, að þjóðgarði er sú að svæðið hefur náttúruverndargildi á heimsvísu, sbr. skýrslu Magnúsar Tuma Guðmundssonar. Raunar ættu þessar staðreyndir að teljast vera almenn þekking. Bara af þessum sökum á náttúruverndin að hafa forgang sem langtímahagsmunir yfir skammtímahagsmunum.*

SUNN hafa þó mikinn skilning á hagsmunum heimafólks og m.a. af þeim sökum styðja samtökin þá tillögu sem gerð er um stjórnun þjóðgarðsins. Sú tillaga er ekki gallalaus, m.a. vegna þess að þarna er markað nýtt stjórnunarfyrirkomulag um þjóðgarðinn sem ekki á sér hliðstæðu hér á landi (sjá athugasemd frá fulltrúa náttúruverndarsamtaka úr skýrslu um Vatnajökulspjóðgarð frá 2004 um að margvíslegt stjórnunarfyrirkomulag í þjóðgarðamálum geti verið óæskilegt). Höfum þó í huga að sá möguleiki er til staðar að yfirstjórn Vatnajökulspjóðgarðs gæti orðið visir að sérstakri þjóðgarðastofnun, sem tæki að sér rekstur friðlýstra svæða á austurhluta landsins (t.d. Mývatn og Laxá, jafnvel Landmannalaugar, auk minni svæða) og að Umhverfisstofnun yrði eftirlitsaðili fremur en rekstraraðili náttúruverndarsvæða.

*Ein af aðalástæðunum fyrir því að SUNN styðja þetta stjórnunarfyrirkomulag er sú að með því er hægt að auka ábyrgð heimafólks og þess tæpa tugar sveitarfélaga sem þjóðgarðurinn mun ná til, ábyrgð á því að náttúruverndarstefnu verði fylgt og fagfólk ráðið til starfa.*

Hér er ástæða til að fjölyrða um mikilvægi þess að fagfólk sé ráðið til starfa enda eru störf við náttúruvernd fagstörf. Að vissu leyti er það vandi að margvísleg menntun getur komið að gagni við störf við náttúruvernd — þótt það sé líka styrkur. Meira áhyggjuefni er hvort þeir sem að ráðningum standa skilji mikilvægi þessa. Taka má dæmi af rekstri annarra fagsviða, t.d. grunnskóla eða heilsugæslu. Þannig hefur eitt þeirra sveitarfélaga sem þjóðgarðurinn hefur mest áhrif í, Hornafjörður, tekið að sér rekstur heilsugæslunnar. Varla dettur neinum þar í hug annað en að ráða lækna í störf þeirra.. Vandinn er sá að náttúruvernd er ekki með sama hætti viðurkennd sem fag eins og læknisfræði og því ekki

ljóst við hvað á að miða, jafnvel af hálfu þeirra sem vilja standa vel að verki. Þegar svo umfangsmikil stækkun verður á friðlýstu landi er sérstök nauðsyn á því að taka menntunarkröfur til þjóðgarðsvarða, sérfræðinga, landvarða og ófaglærðs fólks sem vinnur í þjóðgördunum til skoðunar — og krefjast sérhæfðrar háskólamenntunar fyrir þjóðgarðsverði og aðra sérfræðinga. Auk náms í náttúrufræðum hérlendis og erlendis má nefna nám við Háskóla Íslands og Hólaskóla í ferðamálafræðum með áherslu á landnotkun sem verndað land, m.a. hefur Hólaskóli fléttað landvörslu inn í nám í ferðamálafræðum. E.t.v. ætti að endurnýja reglugerð um menntun landvarða einkum með það í huga að sérfræðingum (heilsárslandvörðum) mun fjölga sem þá geta gert náttúruvernd að fullu starfi. Einnig þarf að ræða um kostnað við slíka menntun bæði í upphafi en þó ekki síður sem hluta af rekstrarkostnaði.

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir til viðbótar, byggðar á vinnugögnum frá formanni SUNN sem var fulltrúi umhverfisverndarsamtaka í ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytisins á sl. ári.

1. Stefnan sem mörkuð er í skýrslu nefndar, þ.e. að gera greinarmun á svæðum er komast í þjóðgarðinn strax og þeim sem verður síðar bætt við, er skynsamleg. Auðvitað vilja SUNN byrja með stærra svæði strax en benda á að framkvæmdin er stór og því nauðsynlegt að tryggja fjármagn. Listinn sem er í skýrslunni um mögulega stækkun er auðvitað ekki heldur tæmandi, þannig vilja SUNN að þjóðgarður nái vestur fyrir Skjálfandafliót. *Megingrundvöllurinn er sá að þjóðgarðurinn nái að lokum til allra helstu landslagsheilda sem skipta máli.*

2. Öll náttúruverndarsamtök leggja á það þunga áherslu að Langisjór verði tekinn inn í þjóðgarðinn strax. Þau sjá enga ástæðu til að láta það bíða. Náttúruverndarsamtök Suðurlands leggja einnig áherslu á að jafnvel þótt Langisjór komist ekki í þjóðgarðinn við stofnun hans sé engu að síður hægt að stækka svæðið við Lakagíga að Skaftá og litið eitt til suðurs og að um það svæði yrði ekki ágreiningur. Undir það er tekið.

3. Varðandi lagatækni við stækkun er mikilvægt að ef samstaða næst við eigendur um stækkun að þá sé fremur fljótlegt að innlima slík svæði í garðinn hvort heldur það eru stór svæði (dæmi: Ódáðahraun, Suðurárbotnar og Herðubreiðarfjöll, Veiðivötn, svæðið milli Lakagíga og Núpsvatna) eða minni svæði (dæmi: svæði neðarlega við Jökulsá á Fjöllum eða í A.-Skaftafellssýslu). Á þetta verður að leggja þunga áherslu, t.d. með því að stjórn þjóðgarðs í samvinnu við svæðisráð hafi heimild til að undirbúa slíka stækkun, enda þótt hún gæti ekki farið fram formlega nema með fulltingi ráðuneytis. Þá er rétt að varpa fram þeim möguleika að svæðisráð geti skipulagt landvörslu á nærsvæðum þjóðgarða í samráði við landeigendur, enda sé tryggt fjármagn til þess. *Huga þarf vel að því að svæði sem yrðu síðar hluti þjóðgarðs komist sem fyrst á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun ef þau eru ekki á slíkum skráum nú þegar og þannig verði unnin undirbúningsvinna vegna friðlýsingar.*

4. Stígagerð og merkingar gönguleiða eru hluti stofnkostnaðar og verður að telja eðlilegt að setja slík verkefni í sömu áætlun og þjónustumiðstöðvar og vegi.

5. Landsvirkjun og Alcoa hafa kynnt hugmyndir, m.a. fyrir ráðgjafarnefndinni, um hvernig þessi fyrirtæki gætu styrkt þjóðgarð. Enda þótt það sé óþarfi fyrir ríka þjóð að þiggja fé af Alcoa til að stofna Vatnajökulsþjóðgarð er líka ljóst að hægt væri að þiggja peninga að uppfylltum nokkrum skilyrðum. Mörg þessara skilyrða komu fram í máli Alcoa-fólks við ráðgjafarnefndina, t.d. í þeim orðum að fyrirtækið væri „not in the

business of making parks" og að slíkir styrkir væru „not to replace government money". Þannig setur Alcoa sjálft nokkur skilyrði sem að einhverju leyti ráðast líklega af bandarískum skattalögum. Alcoa Foundation á 500 milljarða dollara og deilir út 25–30 milljörðum á ári til margs konar verkefna. Þetta var sagt hluti af „samfélagsábyrgð" Alcoa. Fram kom í máli Alcoamanna að fyrirtækið styrkti heilsugæsluferfi í löndum þar sem slík kerfi þættu frumstæð á mælikvarða Íslands og sýndist þeim að náttúruvernd á Íslandi uppfyllti slík skilyrði til styrkja, t.d. var mannvirkjum í Skaftafelli lýst sem „very low key". Svokölluðum samfélagssjóðum Alcoa er samkvæmt þessu ekki ætlað að styrkja þá ríku eða verkefni sem eru í góðum málum heldur góð verkefni sem annars fengist ekki fjármagn til. Verði stofnaður styrktarsjóður þjóðgarðs þar sem peningar frá Alcoa verði verulegur hluti fjárins, jafnvel mestallur, ætti að huga að því að Alcoa komi hvergi nærri einstökum verkefnum eða ráðstöfun fjárins og geti á engan hátt hreykt sér af stofnun þjóðgarðsins. Til greina kemur að stofnaður væri sjóður sem ekki væri eytt heldur ávaxtaður og vöxtum og e.t.v. hluta tekna eytt. *Náttúruverndarsamtök leggja þunga áherslu á að siðareglur verði settar um slíkan sjóð eða alþjóðlegar reglur teknar upp, og að skýrt komi fram hver eigi að líta eftir þeim siðareglum. Í því sambandi er gleðileg sú yfirlýsing umhverfisráðherra er málið var kynnt í nóvember að ekki komi til greina að einstakar framkvæmdir, svo sem göngustígar, yrðu kynntar í höndi Alcoa eða Landsvirkjunar (Fréttablaðið 11. nóvember 2006, bls. 10).*

6. Einnig ætti að kanna hvort þjóðgarðurinn ætti að stuðla að stofnun félaga sem hefðu það markmið að efla þjóðgarðinn, hvert á sínu heimasvæði. Hér gætu héraðsbundin náttúruverndarsamtök, þ.e. Náttúruverndarsamtök Austurlands á austur- og suðursvæðum, Náttúruverndarsamtök Suðurlands á vesturhluta suðursvæðis og SUNN á norðursvæði, haft slíkt frumkvæði. Einnig mætti leita til annarra frjálsra félagasamtaka um aðild að því að stofna slík félög, svo sem Kiwanis-, Lions- og Rotaryfélaga í héraði og ungmennafélaga, svo og einstaklinga í ýmsum atvinnugreinum.

F.h. SUNN

  
Ingólfur Asgeir Jóhannesson  
formaður

6. febr. 2007